

C. TÍMATAXTAR

C1 Um kwst.-mæli til hitunar:	g	kr.
C11 Án rofs kwst á	0.61 =	17.26
C12 Allt að 1½ klst rof á sólarhring kwst á	0.34 =	9.62
C13 Allt að 2½ klst rof á sólarhring kwst á	0.32 =	9.06
C14 Allt að 4½ klst rof á sólarhring kwst. á	0.26 =	7.36
C15 Allt að 14½ klst. rof á sólarhring kwst. á	0.18 =	5.09

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. E-lið.

Taxtar C1 eru án söluskatts og verðjöfnunargjalds sem innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar er til greina kunna að koma, falla undir D-lið.

Verðákvæði 2. kafla. Tengigjöld verða þannig:

1 Gjald- skrár- liður	2 Málstraumur stofnvara 1		3 Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVA	4 Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times kVA$	Tengi- gjald kr.
	220v kerfi A	380v kerfi A		Gjaldstig g	
T1	2x 60	1x 60	0.22x 60 = 13	5 360	151 688
T2	3x 60		0.38x 60 = 22	6 570	185 931
T3	3x100	3x 60	0.38x100 = 38	8 730	247 059
T4		3x100	0.66x100 = 66	12 510	354 033
T5	3x200		0.38x200 = 76	13 860	392 238
T6	3x350	3x200	0.66x200 = 132	21 420	606 186
T7		3x350	0.66x350 = 231	34 780	984 274
T8			300	44 100	1 248 030
T9			500	71 100	2 012 130
T10			800	111 600	3 158 280

Önnur gjöld skv. gjaldskránni breytast í samræmi við framangreint verð á gjaldstigi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með skv. Vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið 27. nóvember 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 18 000.—

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis skal greiða gjald kr. 18 000.—

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald kr. 5 500.— fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 4 000.—

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir staðfest myndrit af tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist gjald kr. 3 000.— Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald kr. 3 000.— fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 40 000.— Gjöld fyrir endurnýjun gæðamerkis og vöruflokka er hið sama og fyrir almenn vörumerki.

7. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47, 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 1. janúar 1980, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 435 29. desember 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

AUGLÝSING

um umferð í Garði, Gerðahreppi.

Að tillögum hreppsnefndar Gerðahrepps og samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Garði:

1. Stöðvunarskylda, sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga, verður á umferð af Heiðarbraut inn á Garðbraut.
2. Biðskylda, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, verður á umferð af Sunnubraut inn á Gerðaveg.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Gullbringusýslu, 14. nóvember 1979.

Jón Eysteinnsson.